

Siglingastofnun Íslands
Steingrímur Hauksson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2004020041
4908; 9310

Reykjavík, 31. mars 2004
/--

**Efni: Sjóvörn við norðurbakka Borðeyrar frá Tangahúsi að Meleyri Bæjarhreppi.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 16. febrúar 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarnar við norðurbakka Borðeyrar frá Tangahúsi að Meleyri, Bæjarhreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bæjarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Bæjarhreppi með bréfi dags. 10. mars 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. mars 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. mars 2004. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 24. mars 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sjóvörn sé liður í að koma í veg fyrir landbrot við norðurbakka Borðeyrar frá Tangahúsi að Meleyri, Bæjarhreppi. Um sé að ræða gerð 250 m langrar sjóvarnar og að efnismagn verði um 2.600 m³. Gert sé ráð fyrir að grjót verði tekið í samráði við Vegagerðina úr vegskeringum við þjóðveginn skammt utan við Valdasteinsstaði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum hreppsnefndar Bæjarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki á náttúruminjaskrá og ekki talið að þar sé að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóti sérstakar verndar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð sjóvarnar á 250 m löngum kafla á norðurbakka Borðeyrar frá Tangahúsi að Meleyri, Bæjarhreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis og eru að mestu ofan fjöruborðs en mikilvægasta svæðið með tilliti til lífríkis er neðan stórstraumsfjöruborðs. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar hafi óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarna við norðurbakka Borðeyrar frá Tangahúsi að Meleyri í Bæjarhreppi séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bæjarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. apríl 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Bæjarhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun.

